

<b>PRENTDUFTHYLKI - UMHVERFISSKILYRÐI</b>	Dags.	2012-08-30
	Útgáfa	1.1

## VIÐFANGSEFNI OG GILDISSVIÐ

Umhverfisskilyrðin eru sett fram á vegum verkefnisins Vistvæn innkaup sem er samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga, sjá nánar á [www.vinn.is](http://www.vinn.is).

Viðmiðin eru byggð á viðmiðum norræna umhverfismerkisins Svanurinn. Sé vara vottuð með Svaninum er það fullnægjandi sönnun á því að viðmiðin í þessu skjali séu uppfyllt.



Grunn- og ítarviðmiðin samstanda af lágmarksskilyrðum og matsviðmiðum:

**Lágmarksskilyrði;** eru ófrávíkjanleg skilyrði sem boðin vara eða þjónusta skal uppfylla til að tilboð verði tekið til nánari skoðunar.

**Matsviðmið;** má nota ef útboðsaðili vill veita tilboði aukastig sem stendur sig betur en lágmarksskilyrðin segja til um varðandi umhverfis- og gæðapætti. Í stigamatsgjöf geta matsviðmið fyrir umhverfisþætti vegið 10 til 15% af heildareinkunn.

## HELSTU UMHVERFISÁHRIF

Helstu umhverfisáhrif	Nálgun
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Loftmengun, myndun ósons og skaðleg áhrif efna á vatnalífverur og gæði vatns</li> <li>• Neikvæð áhrif á vinnuumhverfi vegna vissra efna sem eru skilgreind hættuleg heilsu manna</li> <li>• Úrgangsmýndun við framleiðslu, notkun og vegna umbúða</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Forðast óvistvænar vörur</li> <li>• Minnka efnanotkun með bættem verkferlum</li> <li>• Forðast viss skaðleg efni</li> <li>• Bæta þjálfun starfsfólks og viðhald vélbúnaðar</li> <li>• Minnka notkun umbúða og auka endurnýtingu þeirra</li> </ul>

# 1 PRENTDUFTHYLKI

## GRUNNVIÐMIÐ

### LÁGMARKSSKILYRÐI

#### 1. Efni skaðleg umhverfinu

Duft í prentdufthylkjum sem flokkast sem hættulegt umhverfinu skal ekki nota. Þetta á við um duft með hættusetningum H50, H53, H59 og samtengdar hættusetningar H50/53, H51/53, H52/53.

Þetta er í samræmi við núgildandi reglugerð um flokkun og merkingu efnanna í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Reglugerðin er byggð á ESB tilskipun 1999/45/EC ásamt síðari breytingum og endurskoðunum.

**Staðfesting:** Sé varan merkt með norræna Svaninum, er það fullnægjandi staðfesting á því að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Ef varan er ekki vottuð með einhverju ofangreindra merkja skal leggja fram yfirlýsingu (skv. tilskipun Evrópusambandsins 1991/155/ECC ásamt breytingum) um að öll efni hafi CAS númer. Að auki skulu bjóðendur leggja fram upplýsingar um hvaða efni í boðinni vöru eru flokkuð sem hættuleg umhverfinu.

#### 2. Heilsuspillandi vörur

Prentdufthylki skal ekki innihalda efni eða leyfar af efnum sem eru skilgreind sem skaðleg heilsu manna með eftirfarandi hættusetningum:

- Krabbameinsvaldandi efni: H40, H45 eða H49.
- Efni sem hafa skaðleg áhrif á frjósemi og fóstur: H60, H61, H62 eða H63.
- Stökkbreytivaldandi efni: H46 eða H68.
- Eiturefni: H23, H24, H25 eða H48.
- Mjög eitruð efni: H26, H27, H28 eða H39.

Þetta á einnig við um blöndu sem inniheldur þessi efni í samræmi við núgildandi reglugerð um flokkun og merkingu í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Reglurnar eru byggðar á ESB tilskipun 1999/45/EC ásamt síðari breytingum og endurskoðunum.

**Staðfesting:** Sé varan merkt með norræna Svaninum er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur viðurkennd sönnunargögn eru tekin gild, svo sem öryggisblöð þar sem hættusetningar eru tilgreindar.

#### 3. Þungmálmur

Styrkur þungmálma; blýs, kadmíums, kvikasílfurs og króms (með oxunarnúmer 6) skal samanlagt ekki fara yfir 100ppm.

**Staðfesting:** Sé varan merkt með norræna Svaninum er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur viðurkennd sönnunargögn eru tekin gild, svo sem öryggisblöð fyrir öll efni sem eru notuð þar sem magn þungmálma er tilgreint.

#### 4. Efnaleifar arómatískra efna

Í prentduftinu skal styrkur ósúlfóneraðra arómatískra amína uppleyst í 1M saltsýru og sett

fram sem anilín ekki fara yfir 500 mg/kg og það mega ekki vera meira en 10 mg/kg bensidín,  $\beta$ -naphthylamín og 4-aminobiphenyl.

**Staðfesting:** Sé varan merkt með norræna Svaninum er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur sönnunargögn eru tekin gild, svo sem niðurstöður samkvæmt prófunaraðferðum í samræmi við ályktun AP (89) 1 leiðtogaráðs ESB.

## 5. Umbúðir

Ef vara er afhent í umbúðum úr plasti skulu umbúðir nar ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna.

**Staðfesting:** Viðmið er uppfyllt ef birgi leggur fram undirritaða yfirlýsingu þar að lútandi. Gert er ráð fyrir að kaupandi sannreyni hvort viðmið sé uppfyllt á samningstímabilinu og hann beiti viðeigandi viðurlögum ef viðmiðin eru ekki uppfyllt.

## MATSVIÐMIÐ

### 1. Umhverfismerki

Varan skal uppfylla skilyrði viðurkennds umhverfismerkis (Tegund 1), svo sem norræna Svansins. Sé þessu skilyrði uppfyllt fær bjóðandi fullt hús stiga fyrir matsviðmið og þarf ekki að gera frekari grein fyrir öðrum matsviðmiðum.

### 2. Prenthylki

Stig fást ef varan uppfyllir eftirfarandi viðmið:

3. Varahlutir innihalda ekki klórað plastefni.
4. Prenthylki eru samsett úr að minnsta kosti 75% endurunnum efnum (mælt eftir þyngd að prentduftinu undanskildu).
5. Bjóðandinn er með endurviðtökukerfi á prenthylkjum, sem tryggir rétta meðhöndlun spilliefna

**Staðfesting:** Sé varan merkt með norræna Svaninum, er það fullnægjandi staðfesting á að umhverfisviðmið séu uppfyllt. Öll önnur viðeigandi sönnunargögn eru einnig samþykkt svo sem prófunar- og tækniskýrslur frá viðurkenndum aðilum sem staðfesta að viðmiðin hafi verið uppfyllt.